



# TOLLVARÐAFÉLAG ÍSLANDS

7. febrúar 2006

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 133/828*  
*komudagur 7.2.2007*

***Efni: Umsögn Tollvarðafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á hegningarlögum nr.19/1940.***

Vísað er til bréfs háttvirtrar allsherjarnefndar Alþingis, dags. 31. janúar 2007, þar sem óskað er eftir að Tollvarðafélag Íslands veiti umsögn um frumvarp til laga um breytingar á hegningarlögum nr.19/1940.

Í fyrrgreindu frumvarpi eru lagðar til breytingar á 106.gr. hegningarlaga varðandi breytt refsímörk. Það er skilningur Tollvarðafélagsins að umræddar breytingar á hegningarlögum séu fyrst og fremst til komnar vegna vaxandi ofbeldis í þjóðfélaginu og þá sérstaklega gagnvart löggæslumönnum. Nýleg könnun Ríkislögreglustjóra sýndi einmitt fram á að ofbeldi gagnvart tollvörðum er meira en menn höfðu gert sér grein fyrir hingað til. Svipuð könnun hjá lögreglu sýndi fram fram á sömu niðurstöður.

Að áliti Tollvarðafélagsins fer vel á þessum breytingum og verða þær til að auka réttaröryggi löggæslumanna í störfum sínum. Að mati Tollvarðafélags Íslands gætu þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu verið líklegar til að draga úr ofbeldi, þó að eðli sínu samkvæmt muni viss áhætta ávalt fylgja starfinu.

Um a.lið 1.gr. frumvarpsins gerir Tollvarðafélagið enga athugasemd.

Hvað b.lið 1.gr. varðar, þá er tálmun eða þvingun með öðrum hætti óljóst og teygjanlegt hugtak og hlýtur þannig að geta vísað til mjög ófyrirsjáanlegra aðstæðna út fyrir mörk líkamlegrar valdbeitingar. Þar sem þessum refsíákvæðum er valinn staður í almennum hegningarlögum en ekki í sérlögum, t.d. lögreglulögum eða tollalögum, er því ríkari ástæða að túlka orðalag 106.gr. vítt að þessu leyti.

Megintilgangur 106. gr. er almennt varnar- og öryggisúrræði til handa opinberum starfsmönnum og er einnig í þágu þeirra ótilgreindu almannahagsmuna sem starfsmennirnir hafa með höndum. Þessir almannahagsmunir hljóta að taka til margra sviða, allt frá borgaralegu öryggi til fjámálaumsýslu og peningavörslu.

Hvað c.lið 1.gr. varðar, þá er heimild til hækkunar refsingar eðlileg og sömu sögu er að segja um d. lið 1.gr. laganna.

Um 2.gr. laganna er allt gott að segja.

Virðingarfyllst,

Guðbjörn Guðbjörnsson  
formaður